

**2. fundur stjórnarnefndar Þjóðskjalasafns Íslands,  
haldinn miðvikudaginn 18. nóvember 2015 í húsakynnum safnsins.**

Fundinn sátu: Guðni Th. Jóhannesson (GTH) formaður, Guðmundur Jónsson (GJ) varaformaður, Jóhanna Gunnlaugsdóttir (JG), Helga Jóna Eiríksdóttir (HJE), Ágúst Sigurðsson (ÁS) og Svanhildur Bogadóttir (SB). Enn fremur sat fundinn Eiríkur G. Guðmundsson (EGG) þjóðskjalavörður.

Gunnar Gíslason boðaði forföll.

Fundarritari var Helga Jóhannesdóttir, fjármálastjóri Þjóðskjalasafns Íslands.

Dagskrá:

1. Verkefnastaða 1. nóvember m.v. starfsáætlun og áherslur ársins 2015.
2. Megináherslur ársins 2016 og drög að starfsáætlun.
3. Fjárveitingar til Þjóðskjalasafns í fjárlagafrumvarpi 2016 og drög að rekstraráætlun.
4. Hugmyndir að fjárlagatillögum fyrir árið 2017.
5. Drög að reglum um úthlutun á fé til skönnunar á skjölum héraðsskjalasafna.
6. Viðbrögð Þjóðskjalasafns vegna meintra vanhalds í opinberri skjalastjórn og skjalavörslu.
7. Staða reglusetningar á grundvelli nýrra laga.
8. Staða húsnæðismála safnsins.
9. Frágangur fundargerðar.

Guðni Th. Jóhannesson formaður setti fundinn kl.12.15 og gengið var til dagskrár.

**1. Verkefnastaða 1. nóvember m.v. starfsáætlun og áherslur ársins 2015.**

Þjóðskjalavörður fór yfir stöðu starfsáætlunar 1. nóvember sl. Nefndi þjóðskjalavörður að þetta væri í fyrsta skipti sem unnið væri eftir stefnumótun hjá safninu og þeim verkefnum sem sett hefðu verið fyrir árið. Þjóðskjalavörður nefndi þrjú stór verkefni sem unnin hefur verið með á árinu og eru þau Landsnefndarskjölin, útgáfa tveggja rita og ICA ráðstefnan sem haldin var hér í september.

**2. Megináherslur ársins 2016 og drög að starfsáætlun.**

Þjóðskjalavörður fór yfir drög að starfsáætlun safnsins árið 2016. Umræða um móttöku pappírsskjala á næsta ári og meðal annars um skil ráðuneytanna á skjölum. Einnig var umræða um skönnun á skjölum og forgangsroðun safnsins á þessu sviði.

**3. Fjárveitingar til Þjóðskjalasafns í fjárlagafrumvarpi 2016 og drög að rekstraráætlun.**

Þjóðskjalavörður kynnti fyrstu drög af rekstraráætlun safnsins fyrir árið 2016 sem hefur verið skilað til mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

**4. Hugmyndir að fjárlagatillögum fyrir árið 2017.**

Þjóðskjalavörður kynnti fyrstu tillögur að fjárlagatillögum fyrir árið 2017. Um er að ræða óskir Þjóðskjalasafns um fjármagn til viðbótar því fjármagni sem safnið fær nú á fjárlögum. Umræða um fjármagn til héraðsskjalasafna, flutning á verkefnum á milli ríkis til sveitarfélaga og hlutverk héraðsskjalasafna í dag. Óskar nefndin eftir því að Þjóðskjalavörður endurskoði óskir um fjármagn til héraðsskjalasafnanna með hliðsjón af umræðum á fundinum.

**5. Drög að reglum um úthlutun á fé til skönnunar á skjölum héraðsskjalasafna.**

Í fjárlögum ársins 2016 kemur fram að Þjóðskjalasafn eigi að úthluta 15 m.kr. til héraðsskjalasafna til sérstakra verkefna, skönnunar og miðlunar. Drög að reglum kynntar. (SB) Leggur til að

umsóknarfresturinn sé stytur, bætt við dagsetningum fyrir afgreiðslu umsókna og úthlutunardagsetningar verði fyrir en fram kemur í drögunum.

**6. Viðbrögð Þjóðskjalasafns vegna meintra vanhalds í opinberri skjalastjórn og skjalavörslu.**

Þjóðskjalasafnið hefur haft samband við eftirfarandi stofnanir: Isavia, fjármálaeftirlitið og innanríkisráðuneytið, til að kanna hvort stofnanirnar hafi fylgt reglum um skjalastjórn og skjalavörslu.

**7. Staða reglusetningar á grundvelli nýrra laga.**

Þjóðskjalavörður kynnti stöðu reglusetningar á grundvelli nýrra laga.

**8. Staða húsnæðismála safnsins.**

Þjóðskjalavörður fór yfir stöðu húsnæðismála, en stærsti vandinn í dag er staðan á geymsluhúsnæði safnsins.

**9. Frágangur fundargerðar.**

Gudni Th. Jón.  
Vantullur Bogadóttir  
Árni Björn  
Helga Jón Eiríksdóttir  
Jóhanna Gunnarsdóttir  
Gudrun Þórunn